

Stjórnarfundur Geðhjálpar 09.04.2015

Kynningarfundur fyrir nýja stjórnarmenn hófst kl. 16.30. Hinn eiginlegi stjórnarfundur hófst kl. 17.15.

1. **Yfirferð stjórnarfundar og aðalfundar (MHH).**
Fundargerðir lesnar og samþykktar.
2. **Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum, gjaldkeri, varaformaður, ritari (HJ).**
Eftirfarandi voru einróma kjörin: Halldóra Pálsdóttir gjaldkeri, Róbert Lagerman varagjaldkeri, Sigrún Heiða Birgisdóttir, ritari, Védís Drafnardóttir, vararitari, Einar Kvaran, vararitari, Sveinn Rúnar Hauksson, varaformaður.
3. **Tilboð í framkvæmdir í Borgartúni 30 (HJ, AGÓ).**
Tvö tilboð bárust í framkvæmdirnar í Borgartúninu fyrir tilskylinn frest þann 7. apríl. Eykt bauð 14.981.000 kr. og Fjölur 12.149.100 kr. Stjórnin samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kanna frekar lægra tilboðið með tilliti til gæða efnis og annarra veigamikilla þátta og ganga til samninga út frá því ef ekkert óvænt kæmi í ljós. Verktími er talinn vera tveir til þrjú mánuðir.
4. **Fjölmennt og bata- og fræðslusetur í Vin á Hverfisgötu (AGÓ, HP).**
Halldóra óskaði eftir leyfi stjórnarinnar til að AGÓ tæki sæti í stýrihópi Vinjar, athvarfs fyrir fólk með geðraskanir á Hverfisgötu. Markmið stýrihópsins er að þróa bata- og fræðslusetur í athvarfinu. Stefnt er að því að stuðla að rannsóknum, bjóða upp á námskeið og fjölbreyttar leiðir til afþreyingar og menntunar í athvarfinu. Skipan AGÓ var samþykkt.
5. **Batamódel & læknamódel, hugmyndahópur vegna málþings í haust (HJ).**
Stjórnin samþykkti að boða til aukastjórnarfundar að hálfum mánuði liðnum til að ræða innihald málþingsins. Fram koma að eftirsóknarvert væri að bjóða erlendum fyrirlesara á borð við Allan Frances að halda erindi á ráðstefnunni.
6. **I had a Black Dog, hóf/málþing, dagskrá, verðlagning bókar (HJ, AGÓ).**
Málþing/útgáfuhóf í tilefni af útgáfu bókarinnar *Ég átti svartan hund* verður haldið á Reykjavík Natura hótelinu 6. maí. Fyrirlesarar verða Hrannar Jónsson og Matthew Johnstone höfundur bókarinnar. Fram kom áhugi á að bæta við konu með reynslu af þunglyndi. Stjórnin var sammála að bjóða gestum frítt í hófið/málþingið.

Bókin mun kosta 2.990 kr. út úr bókabúð og 2.000 kr. í fögnuðinum. Þar verður hægt að fá bókina áritaða af höfundi. Ef bókin berst nægilega fljótt úr prentun verður hún bók mánaðarins hjá Eymundsson í maí. Óskað verður eftir að Magga Stína flytji *Tvær stjórnur* í dagskránni. Matthew Johnstone mun einnig flytja erindi um seiglu á Kex Hostel þann 9. maí.

7. **Stefnuþing ÖBÍ, stefna, fulltrúar (AGÓ).**

Fulltrúar Geðhjálpar á þinginu verða Hrannar Jónsson, Bergþór Böðvarsson og Einar Kvaran.

8. **Önnur mál.**

Hrannaróskaði eftir afnotum af húsnæðinu fyrir starfsemi sjálfsþekkingarhóps. Samþykkt var að veita honum afnot af húsnæðinu endurgjaldslaust. Hrannar hefur boðið 400 manns, 27 hafa staðfest komu sína.

AGÓ dreifði bæklingum um Almannaheill.

Bergþór hvatti viðstadda til þátttöku og áhorfs á innanhússknattspyrnumót fólks í geðgeiranum í Vodafonehöllinni þann 7. maí milli kl. 13 og 16.

Fundinum lauk um kl. 19.30.